

EFTIRLITSSKÝRSLA

Terra umhverfisþjónusta hf. Rangárvöllum, Akureyri



Dags eftirlits	5.9.2023	Ábyrgðarmaður eftirlits	Halla Margrét Viðarsdóttir
Fyrirtæki	Terra umhverfisþjónusta hf.	Eftirlitsmaður	
Heimili	Rangárvöllum	Tegund eftirlits	Reglubundið
Kennitala	4812871039	Flokkur	Úrgangur og efnamóttaka
Fulltrúi fyrirtækis	Helgi Pálsson	ÍSAT nr.	38.22.00
Fulltrúi fyrirtækis		Staðsetning	539772,657 576067,283

NIÐURSTAÐA EFTIRLITS

Þrjú frávík komu fram við eftirlit og er ein ábending lögð fram. Fyrsta frávíkið varðar vöktun og skráningar á samsetningu frárennslisvatns og skilum niðurstöðum mælinganna. Annað frávíkið varðar skilum á niðurstöðum skráninga innra eftirlits, sem skila þarf í heild sinni fyrir 1. maí ár hvert. Þriðja frávíkið varðar skilum á grænu bókhaldi. Hefur því frávíki verið lokað þar sem skil á grænu bókhaldi bárust Umhverfisstofnun 29. ágúst síðastliðinn.

UMFANG EFTIRLITS

Fram fór reglubundið eftirlit í spilliefnamóttöku Terra umhverfisþjónustu hf. á Rangárvöllum á Akureyri, í samræmi við 57. gr reglugerðar nr. 550/2018 um losun frá atvinnurekstri og mengunarvarnareftirlit. Terra umhverfisþjónusta hefur heimild til að taka á móti 900 tonnum af úrgangi á ári til meðhöndlunar. Gildistími starfsleyfis er til 16.07.2028.

Umfang eftirlitsins var eftirfarandi:

- Farið yfir stöðuna frá síðasta eftirliti
- Farið yfir starfsleyfið og minnt á skil skv. því
- Eftirlitsmælingar og skráningar
- Áætlanir og viðbrögð
- Umgengni og aðkoma lóðar
- Geymsla og meðhöndlun hættulegra efna
- Vettvangsskoðun hjá rekstraraðila
- Önnur mál

Í síðasta eftirliti komu þrjú frávík fram í eftirliti, er varða að ekki voru mælingar á frárennslismælingum gerðar fyrir 1. okt 2022, niðurstöðum skráninga var ekki skilað, hvorki fyrir árið 2021 né 2022, og auk þess vantaði skil á grænu bókhaldi sem síðar var skilað. Í eftirliti nú, hefur þessum sömu skráningum ekki verið skilað. Var rekstraraðili minntur á mikilvægi þess að öllum skráningaliðum úr starfsleyfi sé skilað á réttum tíma, þá sérstaklega svo að innri vöktun með tilliti til umhverfisþátta geti átt sér stað, en án þeirra reynist hún ekki framkvæmanleg.

Neyðaráætlun eða viðbragðsáætlun við neyðarástandi er til staðar, var síðast uppfærð í júní 2023. Terra umhverfisþjónusta hf. vinnur eftir umhverfis- og gæðastefnu, og er með vottun samkvæmt stöðlum ISO 14001 og ISO 9001. Eintök af starfsleyfi eru til staðar. Engin mengunaróhöpp eða brunar hafa átt sér stað. Starfsmenn eru 41 talsins er tengjast starfstöðinni. Einn starfsmaður í spilliefnum er með góða þekkingu á meðhöndlun þeirra og sér um þann hluta starfseminnar.

Starfstöðinni er skipt niður eftir hvaða úrgangsflokkar er verið að vinna með. Tvö starfleyfi tengjast rekstrinum, eitt tilheyrir Umhverfisstofnun og varðar móttöku og meðhöndlun spilliefna. Hitt snýr að rekstri gáavallar, þ.e. móttöku og flokkunarstöð fyrir úrgang og fellur starfsleyfi þess undir Heilbrigðiseftirlit Norðurlands eystra. Eitt rými tilheyrir móttöku fyrir spilliefna, annað fyrir endurvinnsluefni og hið þriðja tilheyrir öðrum úrgangi og samræmist fyrirmælum um meðhöndlun í starfsleyfi. Raftækjabúnaður er geymdur í yfirbyggðum skýlum og smærri tæki hlaðin upp í körum og sprengifimt efni í vel læstum skúr. Hreinsibúnaður er til staðar, ídræg efni og sag sem er tiltækt ef ske kynni að efni skyldu að fara niður. Engar athugasemdir varðandi merkingar né ílát eru gerðar við eftirlit. Tvær fráveitur eru á lóðinni, önnur tengist spilliefnamóttökunni en hin er norðan megin við húsið

Frávik frá**Lýsing á fráviki**

grein 5.2. í starfsleyfi:

Rekstraraðili skal vakta samsetningu frárennslisvatns, bæði innihald söfnunarþróa fyrir hverja tæmingu sem og úttak olíuskilju einu sinni á ári, þ.e. fyrir 1 okt. ár hvert. Skal niðurstöðum þeirra mælinga skilað samfara niðurstöðum skráninga sbr. 5.1. í starfsleyfi.

grein 5.4. í starfsleyfi:

Niðurstöður skráninga sbr. 5.1. í starfsleyfi skal skilað af rekstraraðila fyrir 1. maí árlega. Hægt er að vísa til skýrslu um grænt bókhald ef ofangreindar niðurstöður koma fram í bókhaldinu. Ekki koma fram allar skráningar í grænu bókhaldi.

grein 5.5. í starfsleyfi:

Grænu bókhaldi var ekki skilað fyrir 1 maí.

ÁBENDINGAR

Sett er ábending er varðar aðgengi að neyðarsturtu á því svæði sem móttaka spilliefna fer fram. Kar með ísogsefni var geymt undir því svæði sem sturtan er yfir. Telst það ekki æskilegt ef bregðast þyrfti í skyndi við óhöppum þar sem sturtunnar er þörf.

- 1 Frávik: Framkvæmd telst ekki í samræmi við kröfur sem settar eru fram í starfsleyfi, lögum eða reglugerðum.
- 2 Ábending: Ástand sem eftirlitsmaður telur vert að vekja athygli á í þágu heilsuverndar, umhverfisverndar og öryggis en sem ekki geta talist frávik.

Reykjavík,

Halla Margrét Viðarsdóttir
Halla Margrét Viðarsdóttir

